

Fundur 8.12.2025 Mette dönsk kona var uppi á tíma Tyrkjaránsins.

Góða kvöldið.

*Góða kvöldið.*

Heilsa ég ykkur úr stjörnusambandsstöð og mikill er mátturinn og ættir okkar samtvinnnaðar og sagan löng.

Og óska ég þess innilega að tengjast hinu merkilega félagi sem eru vonargeislar framtíðarinnar hinnar gömlu jarðar minnar og óska ég þess innilega að frumlífs jörðin mín gamla nái að rísa upp úr þoku vanþekkingar og ósamstillingar eins og lengi hefur loðað við, og komist á framfarabraut á öllum sviðum vísinda og trúarkærleika manna.

Saga mín er nokkuð löng orðin finnst mér, en ekki er hún þó eins löng og saga margra annara sem ég hef heyrt í, en hefur það aðeins verið á þessari framlífs jörð sem ég hef notið mín til fulls og sem ég hef tekið miklum framförum á, og vil ég gjarnan af því segja frá hversu gleðileg þau umskipti hafa verið.

Er saga mín lík margra sem lent hafa í svipuðum atvikum og hefur nú mikið birt til og hef ég sveigt lífi mínu á aðrar brautir en það lengi hefur verið á og sýnir það sig í bættu heilsufari og lífsgleði og líforku á öllum sviðum.

Og vil ég það fyrst til taka að ég hef loksins tekið trú á hin gömlu Goð ættar minnar og ykkar og hefur það mikið bætt tilveru mína, og hef ég því loksins losnað af braut þeirra atvika sem urðu á fyrri framlífs hnöttum og í frumlífi mínu.

Og hafa margir sagt frá því hvernig hefndin getur verið og orðið að hringrás og vítahring. Fyrst er það nú svo í frumlífi að syndin getur verið sæt og það getur verið ljúft að hrífast af afbrotafólki og halda að ekki séu afleiðingar af því, en síðar kemur það í ljós, og er það svo á sögurnar um það hvernig okkur var rænt til forna, eru missannar og í mínu tilfelli var ég sjálfviljug að nokkru leiti, en hrottalegar aðferðirnar leyna því ekki að þar var valdbeiting á ferðinni og margir ekki sjálfviljugir.

En syndum við friðsamlega og urðum á vegi sjóræningja og eftir samskipti sem ekki voru friðsamleg voru nokkrir skipverjar hafðir á brott og ég meðal þeirra og breyttist svo líf mitt í öðru landi og voru þar ný trúarbrögð og var nauðsynlegt að sýna af sér ákveðna hegðun til að sleppa undan refsingum og lengja líf sitt og komast í betri aðstöðu síðar meir.

Og fylgir það manni yfir í næsta framlíf á næsta hnetti og er það að vísu mikil undrun, hvaða trú sem maður tilheyrir, að er það trúarupplifun og fer maður að efast og spurja sig spurninga um lögmál þau sem stjórna tilverunni, en fengust ekki svör á þeirri framlífs jörð og var haldið áfram í sama lífstíl, og brátt kom að því að átökin við hina kristnu sem ég áður tilheyrði urðu meiri og meiri og hefndar aðgerðir á báða bóga, og fór ég því á hnött með bundin möndul snúning og heljar tilvera að öllu leiti, og voru þannig nokkur framlíf.

En tók ég framförum og hef komist á lífstefnu brautina og er nú komin á hnött þar sem skiptist á dagur og nótt að nýju og fólk er frjálst ferða sinna og með því að velja hvaða heiðna Goð ég kys að trúa á, hef ég losnað út úr hringrás hefndarinnar og önnur fjölskylda og annar félagskapur.

Voru það miklir fagnaðartímar þegar ég komst á ljóshlið plánetunnar og gat snúið við mínum lífstíl og þurfti ég viljastyrk og merkileg saga um það sem hægt er að segja, en hugið að draumum ykkar, það er mín ráðlegging til allra sem eru í þannig stöðu.

Ég fór að efast um það sem okkur var kennt og fór að biðja á nýjan hátt og er það löng saga, endurkomunnar til ljóssins ríkis að öllu leiti.

Finn ég nú orkuna víkja, var ég aldrei, fékk ég aldrei að kynnast hinum heiðnu Guðum í frumlífi, aðeins í framlífi. Dönsk kona, tengist sama tíma og Tyrkjaránið, nokkrar aldir síðan ég var uppi, Mette. Kveð ég ykkur þakka fyrir, orkan fer minnkandi, kveð ég ykkur. *Vertu blessuð.*